

Kaflaskil hjá orðanefnd Læknafélags Íslands

Hvað skyldu orð eins og *daufkyrningur*, *einkjörnungur* og *kyrningafæð* eiga sameiginlegt? Jú, þetta eru allt orð sem orðanefnd Læknafélags Íslands fjallaði um á mánaðarlegum fundi sínum nú í apríl. Fundurinn var sá síðasti sem Jóhann Heiðar Jóhannsson stýrði sem formaður nefndarinnar. Hann hefur tekið virkan þátt í iðorðastarfi lækna í rúma fjóra áratugi og á þeim tíma hefur verið lyft grettistaki á þessu sviði.



Mynd 1: Orðanefnd Læknafélags Íslands á fundi í apríl 2026. Neðri röð: Ágústa Þorbergsdóttir (ritstjóri Íðorðabankans), Jóhann Heiðar Jóhannsson, Gerður Aagot Árnadóttir. Efri röð: Reynir Tómas Geirsson, Runólfur Pálsson. Fjarverandi var Magnús Jóhannsson.

Saga orðanefndar lækna

Saga iðorðastarfs lækna er löng en fyrsta orðasafnið á því sviði var gefið út árið 1936. Orðanefnd lækna var þó ekki formlega stofnuð fyrr en árið 1983. Tilgangur nefndarinnar var að safna íslenskum iðorðum í læknisfræði og miðla þeim til lækna. Gefin voru út lítil hefti í samstarfi við Íslenska málstöð þar sem farið var í gegnum iðorð á sviði læknisfræði í stafrófsröð. Árið 1985 var fyrsta heftið prentað

en það náði yfir orð sem hófust á bókstafnum „A“. Allir starfandi læknar á Íslandi fengu eigið eintak, þar má meðal Jóhann Heiðar sem varð strax heillaður af þessu tiltæki orðanefndar. Hann skrifaði pistil um heftið í *Fréttabréf lækna* til að vekja áhuga lækna á orðasafninu, var umsvifalaust dreginn inn í starfið og hefur verið afkastamikill á þessu sviði allar götur síðan.

Á næstu fjórum árum voru gefin út þrettán hefti til viðbótar og kom það síðasta út árið 1989. Á sama tíma voru einnig gefin út viðamikil sérsöfn sem fengu mikla útbreiðslu meðal lækna og háskólanema í læknisfræði, til dæmis söfnin Líffæraheiti og Alþjóðleg tölfræðiflokkun sjúkdóma. Með tilkomu stafrænnar tækni var afrakstur þessarar vinnu, eða 33.000 íslensk uppflettið, færður inn í [Íðorðabankann](#) sem nú er í umsjón Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Árið 2012 var orðanefnd lækna endurvakin í umboði Læknafélags Íslands. Jóhann Heiðar hefur verið formaður nefndarinnar frá þeim tíma en auk hans hafa fimm aðrir læknar tekið þátt í nefndarstarfinu auk sérfræðinga sem stundum eru kallaðir inn tímabundið. Nefndin hittist á fundi mánaðarlega þar sem farið er yfir ákveðinn orðalista með málfræðilegri leiðsögn ritstjóra Íðorðabankans, Ágústu Þorbergsdóttur. Grunnmálið er enska en upprunalegum latneskum og grískum fræðiheimum er einnig haldið til haga. Meginverkefnið er að finna eða mynda íslensk jafnheiti og skilgreina hugtökin.

Vinnulag

En hvernig skyldi orðanefndin velja sér viðfangsefni? Læknisfræði er stór fræðigrein sem skiptist í fjölmörg sérsvið. Orðaforðinn sem um ræðir er því gríðarlega stór og nær ómögulegt fyrir tungumál með jafn fáa málhafa eins og íslenska að ná utan um öll hugtökin sem notuð eru á ensku.

Jóhann Heiðar segir að algengt sé að orðalistarnir eigi sér upptök í fyrirspurnum sem berast í gegnum Íðorðabankann en einnig hefur orðanefndin tekið fyrir ákveðin fræðasvið og kallað tímabundið til sín sérfræðinga til að aðstoða sig við það. Nefndin hefur meðal annars nýlega kallað til sín sérfræðinga í öldrunarlækningum og augnlækningum. Stundum berast svo fyrirspurnir beint frá fagaðilum og reynir orðanefndin þá að taka viðkomandi orð fyrir um leið og því verður við komið. En svo kemur líka fyrir að einhver í nefndinni fær hugdettu sem verður til þess að til verður heill orðalisti sem taka þarf fyrir á fundi. Sjaldgæft er að nefndin taki aðeins fyrir eitt og eitt orð á fundi því einföld fyrirspurn um eitt orð getur leitt af sér lista með fimmtíu öðrum tengdum hugtökum. Til dæmis kallaði fyrirspurn notanda um orðið *elliglöp* á allsherjar endurskoðun á orðaforða tengdum heilabilun. Í dag mælir orðanefndin með orðinu *heilabilun* og bendir á samheiti á borð við *heilkenni heilabilunar*, *vitglöp*, *vitræn skerðing* og *vitsmunaskerðing*, eins og sjá má í [Íðorðabanka](#) Árnastofnunar.

IS: heilabilun sh: heilkenni heilabilunar, vitglöp, vitræn skerðing, vitsmunaskerðing, LA: dementia, EN: Skerðing, frá því sem áður var, á vitrænni getu, minni og færni á ýmsum huglægum sviðum, svo sem g
dómgreindar, tjáningar tilfinninga og frumkvæðis til daglegra athafna. Þeir sjúkdómar sem oftast eru til
Alzheimers-sjúkdómur, æðaheilabilun og Lewy-korna-sjúkdómur.

Úr orðasafninu [Læknisfræði](#)

Mynd 2: Skjaskot úr Íðorðasafni Læknafélags Íslands. Uppflettið *heilabilun*.

Einföld fyrirspurn varð því til þess að endurskoða þurfti öll orð sem tengdust heilabilun og yfirfara allar skilgreiningar. Með nýjum orðum hurfu hins vegar eldri orð á borð við *ellihrumur* og *elliær*. Orðalista þarf nefnilega reglulega að uppfæra og laga í takt við nýja þekkingu og breytt viðhorf.

Gagnsætt og skiljanlegt

Orðasafn Læknafélags Íslands er ekki síst ætlað til þess að læknar geti talað við sjúklinga og aðstandendur þeirra á skiljanlegu máli. Í íslensku er löng hefð fyrir því að mynda ný og gagnsæ orð yfir algenga sjúkdóma á borð við *lungnabólgu*, *brjós-klos* og *hjartaáfall*. Jóhann Heiðar bendir þó á að fólk virðist ekki alltaf vilja að íslenska orðið sé fyllilega gagnsætt. Hann nefnir sem dæmi að almenningi þyki oft óþægilegt að sjá orð eins og *ristill*, *endaþarmur* eða *slíma* (þ.e. *slímhúð*) í sjúkdómsheitum. Margir vilji þá frekar fá sjúkdómsgreiningu sem sett er fram með erlendu heiti sem ekki er alveg gagnsætt og lýsandi. Einnig bendir hann á að það komi stundum fyrir að hagsmunasamtök sjúklinga og aðstandanda hafi samband við nefndina til að óska eftir breytingum á tilteknum heitum. Það sé skiljanlegt því oft er mikið í húfi. Jóhann leggur því áherslu á að orðanefndin taki ekki þátt í deilum um viðkvæm orð. Hún leggur fram sínar faglegu tillögur og nothæf samheiti þegar hægt er, birtir jafnóðum í Íðorðabankanum á netinu og svo er fólki frjálst að nota þessi orð eða ekki.

En skyldu læknar á Íslandi almennt taka vel í hugmyndir orðanefndarinnar og eru íslensku orðin notuð á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum? Jóhann Heiðar segir að orðanefndin vilji gjarnan að heilbrigðisstarfsfólk noti sem oftast íslensk heiti á læknisfræðilegum fyrirbærum til þess að sjúklingar og aðstandendur eigi auðveldara með að skilja það sem á sér stað. Hann hefur sjálfur lagt sitt af mörkum til að halda umræðunni vakandi því á liðnum árum hefur hann skrifað um 240 íðorðapistla sem birst hafa í *Fréttablaði lækna*, *Læknablaðinu*, *Lyfjatíðindum* og á persónulegu blogg. Orðanefndin hefur þó ekki nein sérstök ráð til að fylgjast með því hvernig íslensku orðunum reiðir af, hvort þau séu raunverulega notuð í heilbrigðiskerfinu. Oft fer það eftir áhugasömum yfirmanni eða öðrum starfsmönnum á viðkomandi vinnustað.

Kaflaskil

Eftir rúmlega fjögurra áratuga starf er komið að kaflaskilum hjá Jóhanni Heiðari sem orðinn er áttæður. Hann hefur nú haldið sinn síðasta fund sem formaður orðanefndar Læknafélags Íslands. Nú er í höndum orðanefndarinnar og Læknafélags Íslands að ákvarða hvert framhaldið verður. Jóhann segir að honum finnist vissulega erfitt að hætta þessu skemmtilega sjálfboðastarfi eftir svona langan tíma en að hann sé þó mjög sáttur. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum þakkar Jóhanni Heiðari Jóhannssyni, lækni og íðorðafrömuði, kærlega fyrir góð störf.

Mynd

Orðanefnd Læknafélags Íslands á fundi. Ljósmyndari: Helga Hilmisdóttir.